

Skipulagsfulltrúi  
Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes



Reykjavík 7. júní 2017  
UST201706-066/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi frístundabúskapar á Hvanneyri**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundabúskapar að Hvanneyri í Borgarbyggð.

Umhverfisstofnun gerði umsögn um lýsingu skipulagstillögunnar dags. 2. desember 2016.


**Skipulagssvæðið**


Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulags er að skilgreina lóðir og byggingarreiti fyrir frístundabúskap ásamt beitarsvæði og svæði fyrir reiðhöll á Hvanneyri.

Í greinargerð kemur einnig fram að skipulagssvæðið er alls 14 ha og er staðsett nyrst í jaðri þéttbýlis Hvanneyrar, og liggur svæðið norðan við Ásveg og athafnasvæðið við hann.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda deiliskipulagstillögu sem er greinargóð og gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur